

Kennsluáætlun í sögu fyrir 4. bekk 2022-23.

Haustmisseri.

Námsefni: Helgi Ingólfsson. Ættir úr sögu fornaldar; Grikkland hið forna, bls. 1-66 og 82-89

Á haustmisseri er farið yfir sögu Grikklands frá tímum mínósku menningarinnar um 2500 f. Kr. til loka helleníska tímans við fall Egyptalands árið 30 f. Kr. Saga Grikkja er rakin gegnum Persastríðin, Pelópsskagastríðin, vöxt og veldi Makedóníu, tíma Alexanders mikla og hellenísku ríkjanna. Myndun borgrikkja er skýrð og þá einnig hin ýmsu stjórnkerfi Grikkja og lýðræðishugmyndir Aþeninga. Heimsmynd Grikkja og menning, goðafræði og heimspeki. Farið er yfir 6-10 bls. á viku.

Vormisseri.

Námsefni: Helgi Ingólfsson. Ættir úr sögu fornaldar; Rómaveldi, bls. 4-27, 36-42 og 53-66. Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson. Ættir úr sögu vestrænnar menningar, Miðaldir, bls. 8-32

Á vormisseri er farið yfir sögu Rómaveldis frá goðsögulegum uppruna þess fram til falls Rómaveldis Eftir stutta kynningu á óljósum og goðsögulegum uppruna Rómverja sem borgrikis á konungaöld er farið nokkuð ítarlega í lýðveldistíma Rómverja og hvernig þeir leggja undir sig Ítalíu og verða að heimsveldi. Þá er keisarátíminn rakinn með áherslu á fyrstu tvær aldir e. Kr. Þá er fjallað um upplausn Rómaveldis, fall þess og áhrif þjóðflutninganna miklu skýrð. Einnig er saga kristni og íslam kynnt og rakin með tilliti til langtíma áhrifa þessara trúarbragða á hinn vestræna heim. Farið er yfir 6-10 bls. á viku.

Kennsla: Kennt er í fjörutíu mínútna lotum fjórum sinnum í viku á bæði haust- og vormisseri. Kennt er með fyrirlestur, verkefnum og ýmsum hjálpargögnum svo sem heimildamyndum. Verkefni eru af ýmsum toga, t.d. þurfa nemendur að undirbúa erindi um efni sem valin eru í samráði við kennara. Um er að ræða heimildavinnu sem nemendur fá nokkrar vikur til að undirbúa. Að loknum flutningi skulu nemendur svara fyrirspurnum samnemenda og kennara. Einnig eru ýmis skrifleg verkefni unnin heima eða í kennslustundum. Þá er ætlast til að nemendur mæti undirbúnir í tíma, taki þátt í umræðum og séu tilbúnir til að standa frammi fyrir samnemendum og greina frá því sem þeir hafa lært.

Námsmat: Einkunn í sögu í 4. bekk grundvallast á þremur þáttum: Námseinkunn, jóla- og vorpróf. Vægi einstakra þátta er eftirfarandi: Námseinkunn 33%, jóla- og vorpróf 34%. Vegið meðaltal þessara þriggja þátta verður að vera einkunn 4,0 hið minnsta til að nemandi teljist hafa staðist á árinu.

Námseinkunn er símat samansett úr eftirfarandi þáttum á ársgrundvelli: Fjögur kaflapróf (tvö á hvoru misseri á u.þ.b. fimm vikna fresti) sem vega 15% hvert. Verkefni (fyrirlestur) er metið 20%. Mat kennara á ástundun, verkefnavinnu í tímum, þátttöku í umræðum o.fl. er metið 20%. Samanlögð einkunn jóla- og vorprófs má aldrei vera lægri en 7,0 (t.d. jóla- og vorpróf, einkunn 3,0 og þá vorpróf, einkunn 4,0). Nemandi verður þó alltaf að fá einkunnina 4,0 á vorprófi.

Ath. Blaðsíðutöl og kaflaval gæti orðið annað.